



Mánudaginn 5. maí 2014 kom fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar kl. 20.30 í Húnavallaskóla.

Fundinn sátu: Birgir Ingbórsson, Jón Gíslason, Brynjólfur Friðriksson, Sveinfríður Halldórsdóttir, Milan Djurica, Þórunn Ragnarsdóttir, Sigríður B. Aadnegard, Víðir Gíslason og Jens P. Jensen.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Starfsmannamál.
3. Skóladagatal fyrir grunn- og leikskóla og kennslustundakvóti.
4. Skólastefna Húnavatnshrepps.
5. Önnur mál.

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund kl. 20.30 og bauð fundarmenn velkomna.

2. Starfsmannamál

Skólastjóri fór yfir starfsmannamál. Steinunn Hulda Magnúsdóttir hefur verið ráðin tímabundið meðan Berglind er í leyfi. Starfsmannamál í eldhúsi voru rædd. Einn starfsmaður á leikskólanum lætur af störfum nú í byrjun maí. Eins og staðan er núna er ekki útlit fyrir að ráða þurfi í stöðuna. Starfskraftur hefur verið ráðinn tímabundið í hlutastarf til að annast þrif á leikskólanum.

3. Skóladagatal fyrir grunn- og leikskóla 2014-2015, ásamt kennslustundakvóta.

Skólastjóri lagði fram skóladagatal grunnskóla 2014-2015. Gert er ráð fyrir að skólasetning grunnskóla verði 22. ágúst 2014. Starfsdagar kennara utan skólatíma verða 8. Vorverkefni byrjar 13. maí 2015. Skólaslit verða 28. maí 2015.

Fræðslunefnd samþykkti fyrirliðgjandi skóladagatal fyrir næsta skólaár.

Skólastjóri lagði fram skóladagatal leikskóla skólaárið 2014-2015. Leikskóli hefst eftir sumarlokun með starfsdegi þann 11. ágúst n.k. nemendur mæta 12. ágúst. Sumarfrí leikskóla hefst svo 22. júní 2015. Fræðslunefnd lagði til þá breytingu að starfsdagur verði föstud. 8. ágúst og nemendur mæti mánudaginn 11. ágúst. Fræðslunefnd samþykkti skóladagatalið með áorðinni breytingu.

Útlit er fyrir að í haust verði 12 börn á leikskólanum, sem gera 13,5 barngildi.

Fræðslunefnd leggur til að kennslustundakvóti grunnskóla verði allt að 220 stundir á viku skólaárið 2014-2015.

4. Skólastefna Húnavatnshrepps.

Skólastjóri kynnti skólastefnu Húnavatnshrepps 2014-2017. Fræðslunefnd samþykkir skólastefnuna fyrir sitt leyti.

5. Önnur mál.

Umræða án bókana.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi var slitið kl. 22,15